

Ed.

284. Breytingartillaga

[142. mál]

við frv. til laga um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

Frá Kristjáni Thorlacius og Karli Guðjónssyni.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Auk þeirra, sem taldir eru í 1. málsg., skal veita öðrum launþegum eftirlaunarétt sem hér segir:

1. Starfsmönnum ríkisins, sem ekki eiga aðildarrétt að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra.
2. Starfsmönnum bæjar- og sveitarfélaga, sem ekki eiga aðildarrétt að lífeyrissjóðum hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.
3. Þeim starfsmönnum hjá einkafyrirtækjum, sem ekki eru á félagssvæði verkalyðsfélags, en ættu annars aðildarrétt að Alþýðusambandi Íslands.